


NES, HELLU, Rangárþingi ytra

Deiliskipulag útivistarsvæðis



Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1.000.



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022 í mkv. 1:10.000.



Skýringaruppráttur í mkv. 1:5.000.

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

1.1. Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær yfir um 8 ha landspildu á Hellu sem ætluð er til útivistar. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði og verður svo áfram.

1.2 Kortagrunnar

Löftmyndir eru frá Löftmyndum ehf. sem einnig hnitsettu myndina. Grunn gögn eru IS50v frá landmælingum Íslands.

1.3 Skipulagsgögn

- i. Deiliskipulagsuppráttur er í mælikvarða 1:1.000 sem sýnir staðsetningu bílastæða og helstu framkvæmda.
- ii. Skýringaruppráttur er í mælikvarða 1:5.000 sem sýnir afstöðu til annarra löða og staðsetningu skipulagssvæðisins.
- iii. Afstöðumynd Hella, í mælikvarða 1:10.000, hluti af Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

1.4 Minjar

Gamall braggi er innan skipulagssvæðis, verður varðveittur en er ekki friðaður. Aðrar minjar ekki þekktar.

2. LÝSING DEILISKIPULAGS

2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er vestan Þrúðvangs á bökkum Ytri-Rangár. Svæðið er algróið, graslendi með trjáplöntum og hefur verið nýtt til útivistar. Göngustígur er á bakka Ytri-Rangár. Gert er ráð fyrir að setja upp áhöld og tæki sem m.a. nýtist börnum, eldri borgurum og almenningi til leikja og útiveru. Efnisval skal vera vandað og vanda skal frágang bygginga og bílastæða.

2.2 Byggingar

Innan byggingarreits er gamall braggi, um 40m² sem verður lagfærður/endergerður. Heimilt er að byggja innan byggingarreits í sambærilegum stíl og/eða bygging sem fellur vel að braggnum. Eingöngu verða heimilaðar viðbætur sem nýtast svæðinu sem útivistarsvæði. Heildarstærð bygginga innan byggingarreitsins getur verið allt að 100 m², á einni hæð. Mænishæð getur verið allt að 3,5 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin.

2.3 Aðrar framkvæmdir

Fyrirhugaðar eru ýmis tæki / svæði sem sýnd eru til skýringar í deiliskipulagi en staðsetning ekki bindandi.

- Frisbi-golf, staðsetning brauta og fjöldi brauta áætlaður.
 - Þúttvöllur, 2 - 5 holu þúttvelli.
 - Strandblakvöllur, stærð allt að 12 x 20m.
 - Gert er ráð fyrir skjólsælu svæði með ýmsum æfingataekjum, bekkju/borðum og sviði/palli.
 - Aparóla / sviðbraut, lengd brautar allt að 35m.
- Framkvæmdir verða unnar eftir því sem aðstæður leyfa.

2.3 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er um Suðurlandsveg nr.1 og um Þrúðvang. Bílastæði eru sýnd á uppráttum til skýringar.

2.4 Veitur

Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK og vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra.

3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

3.1 Hönnun og upprættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leiti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um.

4. UMHVERFISÁHRIF

Skipulagssvæðið er sléttland á bakka Ytri-Rangár og hentar því mjög vel til útivistar. Einnig er það skammt frá dvalarheimilinu Lundi og getur því nýst íbúum þar. Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu aðalskipulags Rangárþings ytra 2010 - 2022 en þar kemur fram að það sé markmið sveitarfélagsins að þeir útivistarmöguleikar sem Hella og nágrenni býður uppá verði nýttir sem best. Lögð er áhersla á að styrkja svæðið til íþróttar og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðalframboð til frístundastarsemi og þjónustu á því sviði.

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. _____
Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ til _____

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings Ytra þann _____

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings Ytra

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



NES í Rangárþingi ytra

Deiliskipulag

Suðurlandsveg 1-3
850 Hella. S. 487 7800
www.steinsholtstf.is

Verk: 8614 DA204

Mkv: 1:1.000 / 1:5.000

Blaðstærð: A2

Hannað: GG, AJ,

Teiknað: GLS/KDG

09.02.2018

Breytt:

Samþykkt:

TILLAGA